



Fundur háskólaráðs 1. mars 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 26.02.2007
Dags: 01.03.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

04/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 1. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Guðmundur Jónsson (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Þórir Hrafn Gunnarsson (varamaður Sigurrósar Eiðsdóttur) og Þórdís Kristmundsdóttir. Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Heimsókn stefnunefndar Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Inn á fundinn komu fulltrúar í stefnunefnd Háskóla Íslands (HÍ) og Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH), þau Magnús Pétursson, forstjóri LSH, Torfi Magnússon, læknir og ráðgjafi forstjóra, Kristján Erlendsson, framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar, dósent og varaforseti læknadeildar, Stefán B. Sigurðsson, prófessor og forseti læknadeildar, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor og forseti hjúkrunarfræðideildar, og Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennsluviðs sem starfar með nefndinni. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, á jafnframt sæti í stefnunefnd. Magnús fór yfir framlagt minnisblað um stöðu mála varðandi endurnýjaðan samstarfssamning HÍ og LSH sem undirritaður var í apríl 2006. Í máli Magnúsar kom m.a. fram að helstu verkefni í vinnslu á grundvelli samningsins, auk reglubundinna verkefna í föstum farvegi, eru uppbygging nýs Landspítala – háskólasjúkrahúss, sérnám í heilbrigðisvísindagreinum og klínísk framhaldsmenntun, mat á kostnaði LSH við menntun heilbrigðisstarfsmanna, sameiginlegar auglýsingar um störf, ákvörðun kjararáðs um launamál prófessora, rannsóknastofur LSH og HÍ, sameiginlegt vísindastarf og nýsköpun, akademískar nafnbætur, fyrirkomulag göngudeildaraðstöðu fyrir verkstofu tannlæknadeildar, bókasafnmál og erfðafræðinefnd. Þá greindi Magnús frá því að fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.

Fram fóru ítarlegar umræður um málið og svöruðu fulltrúar í stefnunefnd framkomnum spurningum og athugasemdum ráðsmanna.

1.2 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Miðstöð framhaldsnáms, sbr. síðasta

fund.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, prófessor og formaður gæðanefndar, og gerði grein fyrir framlögðum tillögum gæðanefndar um Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Meginhlutverk miðstöðvarinnar er að tryggja og efla gæði meistara- og doktorsnáms í öllum deildum Háskólans.

Slíkar miðstöðvar (e. Graduate Schools) er víða að finna við háskóla vestanhafs og austan. Kveðið er á um að sett skuli á laggirnar slík miðstöð innan Háskólans í stefnu Háskóla Íslands 2006-2011 og í samningi Háskóla Íslands og menntamálaráðuneytisins. Málið var rætt ítarlega og lýstu ráðsmenn almennri ánægju með tillögurnar. Tillögur gæðanefndar um Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands verða á dagskrá háskólafundar 16. mars nk.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:

a. Skipan stjórnar Reiknistofnunar Háskólans til næstu tveggja ára.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Samþykkt einróma að stjórn Reiknistofnunar til næstu tveggja ára verði þannig skipuð:

Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent í guðfræðideild,

Fjóla Jónsdóttir, dósent í verkfræðideild,

Gunnar Stefánsson, prófessor í raunvísindadeild,

Guðmundur Arnelsson, dósent í félagsvísindadeild,

Helgi Þorbergsson, dósent í tölvunarfræðiskor verkfræðideildar, tilnefndur af rektor.

Helgi Þorbergsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Rektor þakkaði Þórði Kristinssyni, fráfarandi formanni stjórnar RHÍ, fyrir vel unnin störf um árábil.

b. Skipan stjórnar Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands til næstu þriggja ára.

- Frestað.

2.2 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum.

Þórður Kristinsson gerði grein fyrir framlögðum tillögum.

a. Tillaga að breytingu á 5. og 6. tölulið 9. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 458/2000 um að starfsfólk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fái rétt til þátttöku í kjöri rektors, sbr. samning Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem samþykktur var á síðasta fundi.

- Samþykkt einróma.

b. Tillaga að breytingu á kafla lyfjafræðideildar í reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000 til að renna stoð undir námsskipunarreglur deildarinnar í BS-námi.

- Samþykkt einróma.

2.3 Drög að svari við bréfi umboðsmanns Alþingis, dags. 12. febrúar sl., um skil á einkunnum.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Samþykkt að senda framlagt svarbréf til umboðsmanns Alþingis. Jafnframt er kennslumálanefnd og gæðanefnd falið að undirbúa fyrir næsta reglulega fund ráðsins tillögur um almennar aðgerðir til að bæta verulega einkunnaskil kennara.

2.4 Tillaga starfshóps á vegum félagsvísindadeildar um uppbyggingu safnafræðináms á meistarastigi við Háskóla Íslands.

Rektor kynnti málið og var það rætt.

- Samþykkt einróma að vísa tillögunni til umsagnar kennslumálanefndar og fjármálanefndar.

2.5 Umsóknir Háskóla Íslands um viðurkenningu á fræðasviðum hugvísinda, náttúruvísinda og verk- og tæknivísinda.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Greindi rektor frá því að mikil vinna hefur farið í að semja umsóknina, bæði á vettvangi deilda, stjórnarsýslunnar og Þýðingaseturs Háskólans. Færði rektor þeim fjölmörgu einstaklingum sem komið hafa að málinu miklar þakkir.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Reglur um doktorsnám í háskólum nr. 37/2007, samkvæmt 7. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla.

3.2 Þjónustusamningur um landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum á milli menntamálaráðuneytis og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns, dags. 28. desember sl.

Fleira var ekki gert.
Fundí slitið kl. 16.00.